



Afrekshundur ársins: Ísarr boxer hundur og Alexander

Alexander er fjölfatlaður ungur maður og vinur hans Ísarr fylgir honum hvert fótspor en þeir hafa alist upp saman og eru einstaklega nánir. Ísarr sefur fyrir framan rúm Alexanders á nóttunni, kippir sér ekki upp við að það að hjólastóllinn rekist í hann og er alltaf til í faðmlög og kossa frá vini sínum. Alexander getur ekki verið einn heima og á ekki marga vini en Ísarr er alltaf til staðar og heimur Alexanders er stærri fyrir vikið. Ísarr og Alexander eru einstakir vinir og auðgar hundurinn líf Alexanders sem og fjölskyldunnar allrar. Boxer hundurinn Ísarr varð heiðraður afrekshundur ársins 2016 á nóvembersýningu félagsins og tók hann ásamt Alexander við verðlaunum á sýningunni.

